

80

13. okt.

## AUGLÝSING

## um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 14. ágúst 1956 var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu á tímabilinu 1. september 1956 til 31. ágúst 1957. Samkomulag þetta er gert í samræmi við ákvæði viðskiptasamningsins milli Íslands og Tékkóslóvakíu, er undirritaður var í Reykjavík hinn 31. ágúst 1954 og gildir til 31. ágúst 1957 (Stj.tíð. A. 86/1954).

Samkomulagið gerir ráð fyrir, að Íslendingar selji til Tékkóslóvakíu á tímabilinu aðallega freðfisk, sild, fiskimjöl og lýsi. Á móti er gert ráð fyrir kaupum á ýmsum vörutegundum frá Tékkóslóvakíu, svo sem járn- og stálvörum, vefnaðarvöru, leður- og gúmmískófatnaði, asbesti, bifreiðum, vélum, gleri og glervöru, sykri, pappír og rafmagnsvörum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 13. október 1956.*

**Emil Jónsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

81

13. okt.

## AUGLÝSING

## um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í París 7. september 1956 var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 (Stj.tíð. A. 122/1951) framlengdur til 31. marz 1957.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á svipuðum grundvelli og verið hefur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 13. október 1956.*

**Emil Jónsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

82

18. okt.

## AUGLÝSING

## um aðild Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt.

Hinn 18. september 1956 var forstjóra Menningar- og Visindastofnunar Saminuðu þjóðanna (UNESCO) afhent aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt, er gerður var í Genf 6. september 1952.

Samkvæmt 9. gr. samningsins gengur hann í gildi, að því er Ísland varðar, hinn 18. desember 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 18. október 1956.*

**Emil Jónsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*